# Fundargerð

## Íþrótta- og tómstundanefnd - 270. fundur

haldinn í Lóninu Linnetsstíg 3,
9. maí 2018 og hófst hann kl. 08:15.

**Fundinn sátu:**
Karólína Helga Símonardóttir aðalmaður
Guðbjörg Oddný Jónasdóttir aðalmaður
Guðbjörg Norðfjörð Elíasdóttir aðalmaður
Elísabet Ólafsdóttir áheyrnarfulltrúi

**Fundargerð ritaði:** Geir Bjarnason, .

Ísold Pétursdóttir sat fundinn fyrir hönd Ungmennaráðs Hafnarfjarðar og Stefán Már Gunnlaugsson fyrir hönd foreldraráðs Hafnarfjarðar.

**Dagskrá:**

### 1. 1801552 - Þjóðhátíðardagurinn 2018

Farið yfir stöðuna vegna undirbúnings dagskrár á 17. júní.

### 3. 1801551 - Vinnuskóli, sumarstörf 2018

Íþrótta- og tómstundafulltrúi fór yfir stöðuna varðandi sumarstörf.

Ráðningar vegna sumarstarfsa 17 ára og eldri er að mestu lokið. Vinna hófst í vikunni við að þrífa miðbæinn.

Umsóknarferli fyrir unglingadeildarnemendur er í fullum gangi núna og lýkur um næstu helgi.

*Umsóknarfjöldi yngri aldurshópa er ekki nægjanlegur miða við verkefni Vinnuskólans og ef ekki næst að ná sambærilegum fjölda unglinga í vinnu og unnu í Vinnuskólanum í fyrra skulu starfsmenn Vinnuskóla Hafnarfjarðar fara í skóla bæjarins og kynna vinnuna fyrir nemendum.*

### 7. 1709700 - Íþrótta- og viðurkenningarhátíð 2017

### 6. 1803260 - Tímaúthlutun til ÍBH 2018-2019

Lögð fram beiðni Íþróttabandalags Hafnarfjarðar um að fá alla íþróttasali frá klukkan 15.00 á virkum dögum frá og með tímaúthlutun ágúst 2019 - maí 2020 svo allar íþróttagreinar bæjarins eigi möguleika á því að taka við börnum úr frístundaakstri Hafnarfjarðarbæjar.

*Íþróttafulltrúa falið að leita leiða varðandi úthlutun í Íþróttahúsi Strandgötu.*

### 2. 1509776 - Ungmennaráð, fundargerð

Ísold fór yfir síðustu fundargerðir ráðsins.

### 4. 1805022 - Frístundaheimili, foreldrakönnun 2018

Kynnt niðurstaða könnunar varðandi viðhorf foreldra til þjónustu frístundaheimila. Þessar kannanir eru gerðar af Hafnarfjarðarbæ og eru lagðar fyrir foreldra fjögurra yngstu árganga grunnskóla Hafnarfjarðarbæjar.

*Greinilegt er að foreldrar eru mun ánægðari með þjónustuna í ár en í fyrra. Nefndin þakkar starfsmönnum frístundaheimila fyrir vel unnin störf og hvetjur stjórnendur frístundastarfsins viðhalda þessari góðu niðurstöðu.*

### 5. 1804352 - Vímuefnaneysla ungs fólks 2018

Lögð fram skýrsla frá Rannsóknum og greiningu um vímuefnaneyslu unglinga í Hafnarfirði.

*Nefndin hefur áhyggjur af þróun fíkniefnaneyslu meðal barna og horfir sérstaklega á marijúananeyslu og rafrettunotkun.*

*Nefndin fagnar því að fræðsluráð ákvað að greina betur þessi gögn þannig að hægt sé að vinna að forvörnum á skilvirkan hátt.*

*Íþrótta- og tómstundanefnd óskar eftir að fá nánari kynningu á skjánotkun unglinga og frekari upplýsingar um stöðu barna af erlendu bergi brotnu.*

*Fulltrúi foreldra hvetur Hafnarfjarðarbæ að semja við Foreldrahús þannig að fjölskyldur í Hafnarfirði hafi sama aðgengi að sálfræði- og vímuefnaráðgjöf Foreldrahús og íbúar í nágrannasveitarfélögum*

**Fleira ekki gert. Fundi slitið kl. 09:45.**

**Karólína Helga Símonardóttir gn)**
**Guðbjörg Norðfjörð Elíasdóttir gn)**

**Guðbjörg Oddný Jónasdóttir (sign)**
**Elísabet Ólafsdóttir (sign)**